



Ákvæði um íslenskupróf fyrir umsækjendur um ríkisborgararétt tekur gildi 1. janúar 2009

Hinn 1. janúar 2009 tekur gildi það ákvæði í lögum um íslenskan ríkisborgararétt að umsækjandi skuli hafa staðist próf í íslensku. Dóms- og kirkjumálaráðherra hefur gefið út reglugerð, [nr. 1129/2008](#), um prófin sem tekur gildi um áramótin. Samkvæmt henni er ráðgert að Námsmatsstofnun eða annar sambærilegur aðili annist undirbúning og framkvæmd prófanna sem haldin verða að minnsta kosti tvisvar á ári.

Þeir umsækjendur sem hafa lagt fram umsókn í dóms- og kirkjumálaráðuneytinu fyrir 1. janúar 2009 ásamt öllum tilskildum fylgigögnum, og fullnægja á þeim tímapunkti þeim skilyrðum laga um íslenskan ríkisborgararétt sem í gildi eru fyrir áramót, þurfa ekki að gangast undir íslenskupróf.

Þess ber hins vegar að geta að þótt umsækjandi hafi áður fengið búsetuleyfi og lokið íslenskunámi eða prófi vegna þess leyfis þarf hann engu að síður að undirgangast íslenskupróf vegna umsóknar um ríkisborgararétt. Skilyrði útlendinga-laga varðandi búsetuleyfi og íslenskunámskeið eða stöðupróf eru áfram í gildi.

Í reglugerðinni er kveðið á um framkvæmd og efni prófs, sem og um undanþágur ef telja verður ósanngjarnt að gera þá kröfu til umsækjanda að hann þurfi að taka próf. Það getur meðal annars átt við ef umsækjandi hefur náð 65 ára aldri og átt lögheimili hér á landi síðustu sjö ár áður en umsókn er lögð fram, eða ef umsækjandi er í íslenskum grunnskóla eða undir grunnskólaaldri.

Prófkröfur

Ekki er skilyrði að próftaki hafi lokið námskeiði umfram kröfu varðandi búsetuleyfi. Efnisþættir

og þyngd íslenskuprófa miðast við lokamarkmið í námskrá menntamálaráðuneytis 2008 um grunnnám í íslensku fyrir útlendinga að undan-skildu markmiði um undirstöðupækkingu á helstu síðum og venjum í íslensku samfélagi.

Framkvæmd

Sá sem falið verður að annast undirbúning og framkvæmd íslenskuprófanna mun meðal annars sjá um samningu þeirra og yfirferð, sem og skráningu í þau.

Íslenskupróf skal að jafnaði halda eigi sjaldnar en tvisvar á ári. Prófin skulu haldin í Reykjavík eða nágrenni. Að auki er heimilt að halda próf annars staðar á landinu. Auglýst verður í fjölmiðlum og á heimasíðu dómsmálaráðuneytisins, www.domsmalaraduneyti.is, með að minnsta kosti átta vikna fyrirvara hvar og hvenær próf verða haldin.

Þeir einir geta preytt próf sem hafa skráð sig til þátttöku og stefnt er að því að umsækjandi greiði próftökugjald. Ekki eru hömlur á því hve oft má þreyta próf. Ef maður mætir ekki í próf eða stenst það ekki á hann þess ekki kost að þreyta próf fyrr en næst þegar próf verður haldið.

Umsækjandi þarf að hafa næga kunnáttu í íslensku til að geta:

- bjargað sér við daglegar aðstæður í skóla, vinnu og einkalífi;
- bjargað sér við óvæntar aðstæður;
- tekið þátt í umræðum um kunnugleg málefni;
- skilið einfaldar samræður milli manna;
- lesið stutta texta á einföldu máli um kunnugleg efni;
- skrifað stuttan texta á einföldu máli um kunnugleg efni;
- greint aðalatriði í ljósvakamiðli-um, sjónvarpi og útvarpi, þegar um kunnugleg efni er að ræða.

Í prófunum skal reynt á tal, hlustunar-skilning, ritun og lesskilning.

